



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn um samning Ljósleiðarans við Sýn og aðra viðskiptasamninga

Vísað er til fyrirspurnar borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um samning Ljósleiðarans við Sýn og aðra viðskiptasamninga, í borgarstjórn dags. 17. janúar 2023. Fyrirspurning er eftirfarandi:

- „1. Óskað er eftir greinargerð um fjárhagsleg áhrif Sýnarsamningsins á fjárhag og skuldastöðu Ljósleiðarans, Orkuveitusamstæðunnar og samstæðu Reykjavíkurborgar.
2. Óskað er eftir því að fá yfirlit yfir stærstu viðskiptasamninga Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar undanfarin tíu ár og greiðslur samkvæmt þeim. Miðað verði við viðskiptasamninga og/eða greiðslur að fjárhæð yfir einum milljarði króna.“

Svar:

1.

Erindi Ljósleiðarans dags. 24. október 2022 um að eigendur staðfesti samþykkt stjórnar og hluthafafundar félagsins um að hækka hlutfé félagsins var til ítarlegrar umfjöllunar í borgarráði og rýnihópi á hans vegum. Fjármála- og áhættustýringarsviði og borgarlögmanni var falið að vinna umsögn um erindið og starfa með rýnihópi borgarráðs. Fyrir liggur trúnaðarmerkt umsögn sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og borgarlögmanns dags. 22. desember 2022 sem felur í sér ítarlega greiningu á fjárhagslegri stöðu Ljósleiðarans ásamt áhættumati. Í umsögninni er fjallað sérstaklega um hagsmuni eigenda Orkuveitu Reykjavíkur og áhættur. Fjallað var um erindi Ljósleiðarans í borgarstjórn þann 2. maí 2023, þar sem tillaga borgarstjóra var lögð fram ásamt greinargerð, erindi Ljósleiðarans og umsögn rýnihóps borgarráðs dags. 11. apríl 2023. Vísað er til gagna sem kynnt hafa verið borgarfulltrúum um efni málsins, ýmist opinberra eða trúnaðarmerktra gagna. Eru þau gögn enn aðgengileg borgarfulltrúanum til frekari skoðunar og kynningar.

2.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vísar til svars dags. 17. maí 2023 með yfirliti yfir stærstu viðskiptasamninga Reykjavíkurborgar, málsnr. FAS23010004, sem sent var borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins með tölvupósti þann 31. maí 2023 frá skrifstofu borgarstjórnar. Svarið var unnið með hliðsjón af fyrirspurn borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem barst með tölvupósti þann 22. desember 2022. Svarið var jafnframt lagt fram til kynningar fyrir borgarfulltrúa. Í



Reykjavíkurborg

svarinu er að finna yfirlit yfir stærstu viðskiptasamninga A-hluta Reykjavíkurborgar. Yfirlit yfir viðskiptasamninga B-hluta fyrirtækja liggur ekki fyrir.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs